



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2021-006U003**

Dagsetning: **16. janúar 2021**

Staðsetning: **Gangstígur milli Seljaskóga og Engjasels**

Atvik: **Hjólreiðamaður féll af reiðhjóli**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

*Maður féll af reiðhjóli sínu og slasaðist alvarlega. Hann fannst liggjandi meðvitundarlaus við gangstíg milli Seljaskóga og Engjasel. Maðurinn lést nokkru síðar á sjúkrahúsi.*

## Staðsetning



## Helstu upplýsingar

### Látinn:

65 ára karl

### Veður og birta:

Hiti 2-3°C, hæg breytileg átt, skýjað og dálítill rigning með köflum

### Gangstígur:

Bundið slitlag og gras í kring, hálkublettir

### Tími sólarhrings:

Tilkynnt klukkan 8:13

### Ökutæki:

Fuji fjallahjól, reiðhjól

## Lýsing á slysi

### Atvikalýsing

Að morgni 16. janúar 2021 fannst meðvitundarlaus og slasaður maður liggjandi við gangstíg á milli Seljaskóga og Engjasels. Maðurinn var blaðberi. Við hlið hans lágu reiðhjól og póstburðarpokar. Tilkynning um hinn slasaða barst lögreglu kl. 08:13. Ekki er vitað með vissu hvenær slysið átti sér stað en póstburðarpokarnir voru því sem næst tómir og því líkur á að maðurinn hafi lokið við útburðinn. Hinum slasaða var komið undir læknishendur en hann lést af áverkum sínum um sólarhring seinna.



**Mynd 1: Ljósmynd af slysavettvangi tekin í norðurátt. Stígurinn frá Engjaseli er merktur nr. 1. Önnur möguleg leið reiðhjólamannsins niður brekkuna er merkt nr. 2. Myndin var tekin nokkrum dögum eftir slysið.**

Engin vitni voru að slysinu en líklegt er að maðurinn hafði annað hvort verið á leið frá Engjaseli eftir stíg sem er merktur nr. 1 á mynd 1 eða á leið niður grasbrekkuna (merkt nr. 2 á myndinni). Slakki er í grasbrekkunni rétt fyrir ofan stíginn og er hugsanlegt að hann hafi misst jafnvægið þar á reiðhjólinu og fallið af því. Hálka á stígnum gæti líka hafa átt þátt í slysinu. Stígurinn var háll en sandaður, hálka var í köntum. Hjólið bar þess merki að hafa orðið fyrir álagi, eða höggi þegar slysið varð.

### Áverkar

Hjólreiðamaðurinn, sem var ekki með hjálm á höfðinu, hlaut banvænan höfuðáverka og lést á sjúkrahúsi skömmu eftir slysið.

### Farartækið

Reiðhjólið var fjallahjól af Fuji gerð og bar þess merki að hafa verið mikið notað. Hemlar voru í sæmilegu lagi. Ekki var áberandi slag í gjörðum eða stýri. Hjólið var búið frekar slitnum grófum ónegldum fjallahjóladekkjum. Það var með glitmerki en engan ljósabúnað.

### Ökuhraði

Ekki er unnt að segja til um hraða reiðhjólsins þegar slysið varð, en ummerki á vettvangi bentu ekki til að um mikinn hraða hafi verið að ræða, sennilega undir 20 km/klst.

## Vegur og umhverfi

Á slysstað er malbikaður stígur og grasblettur í kring. Fyrir ofan stíginn er nokkuð brattur slakki eða stutt brekka. Þegar fyrstu viðbragðsaðilar komu á vettvang var hiti rétt yfir frostmarki, hægur vindur og þungbúið, rignt hafði daginn áður en frost hafði verið dagana á undan og jörðin köld. Því voru kjöraðstæður fyrir hálfu á stígnum. Stígurinn hafði verið sandaður en var háll í köntum.

## Áfengis- og lyfjaprófanir

Ekki var gerð áfengis- og lyfjarannsókn á reiðhjólamaninum.

## Orsakagreining

- Hjólreiðamaðurinn missti sennilega jafnvægið og féll af hjólinu
- Hann var ekki með hjálm á höfðinu og hlaut alvarlega höfuðáverka
- Hjólið var ekki á nagladekkjum

## Ábending

### Reiðhjólaljálmar

Í þessu slysi hlaut hjólreiðamaður banvæna höfuðáverka. Hann var ekki með hjálm. Erlendar rannsóknir sýna að mikill meirihluti banaslysa hjólreiðamanna eru af völdum höfuðáverka<sup>1</sup>. Reiðhjólaljálmar veita vernd gegn höfuðáverkum og hvetur Rannsóknarnefnd samgönguslysa reiðhjólamenn til að nota ávallt viðurkenndan reiðhjólaljálm við hjólreiðar. Í nýlegri viðamikilli samanburðarrannsókn á niðurstöðum fjölda rannsókna frá mörgum löndum á áhrifum hjálma á höfuðmeiðsli í reiðhjólalysum kom í ljós, að hlutfall þeirra sem urðu fyrir höfuðmeiðslum var að meðaltali helmingi minna meðal þeirra sem voru með hjálm, en hjá þeim sem voru án hjálms<sup>2</sup>. Öryggisáhrif hjálma mælast meiri gagnvart alvarlegum höfuðmeiðslum. Hlutfall þeirra sem hlutu alvarleg höfuðmeiðsl, þ.m.t. banaslys, var að meðaltali 69% lægra meðal þeirra sem voru með hjálm en þeirra sem ekki voru með hjálm.

### Útbúnaður reiðhjóla fyrir vetrarnotkun

Fyrir vetrarnotkun reiðhjóla er nauðsynlegt að gæta þess að hjólið sé í góðu lagi og vel útbúið fyrir dimmu, snjó og hálfu. Yfir vetrartíma má búast við hálfu víða. Við þær aðstæður geta nagladekk skipt sköpum. Góð ljós eru nauðsynleg því erfitt getur verið að greina hindranir í myrkri. Rannsóknarnefnd samgönguslysa hvetur reiðhjólamenn til þess að útbúa reiðhjól sín sérstaklega vel fyrir vetrarnotkun. Hjóla á góðum nagladekkjum, gæta sérstaklega að sýnileika með góðum ljósum og vera í sýnileikafatnaði.

<sup>1</sup> Nicaj L, Mandel-Ricci J, Assefa S, Grasso K, McCarthy P, Caffarelli A, McKelvey W, Stayton C, Thorpe L, „*Bicyclist Fatalities and Injuries in New York City: 1996-2005*“: A Joint Report from the New York City Departments of Health and Mental Hygiene, Parks and Recreation, Transportation, and the New York City Police Department, 2006.

<sup>2</sup> Olivier, Creighton, 2017: „Bicycle injuries and helmet use: a systematic review and meta-analysis.“ *International Journal of Epidemiology*, Volume 46, Issue 1. Oxford University Press.



**Skýrsluna samþykkja:**

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen  
Kristín Sigurðardóttir

**Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Hinrik Jóhannsson  
Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 29. október 2021**

**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**